

85  
26. apríl

4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1936.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1936.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1936.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1936 framlögum samkv. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1936.
8. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta árið 1935 framlagi til Ræktunarsjóðs Íslands af útflutningsgjaldi samkvæmt 4. gr. laga nr. 21 9. janúar 1935, um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 26. apríl 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

86

3. maí

## L Ö G

um breyting á póstlögum, nr. 5 7. maí 1921, sbr. lög nr. 3 27. marz 1925.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Í stað tveggja fyrstu málsgreina 11. gr. g-liðs (Blöð og tímarit) komi: undir hvert ½ kílógramm eða minni þunga 15 aurar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*